



Krónan styrktist í febrúar, Seðlabankinn bæði keypti og seldi evrur

Íslenska krónan styrktist á móti gjaldmiðlum helstu viðskiptalanda okkar í febrúar. Seðlabankinn greip fjórum sinnum inn í markaðinn í mánuðinum, keypti evrur þrisvar og seldi evrur einu sinni.

Í lok febrúar stóð evran í 141,8 krónum samanborið við 143,2 í lok janúar og Bandaríkjadalur í 126,6 samanborið við 128,4 í lok janúar. Gengisvísitalan lækkaði (krónan styrktist) um 1,0% í febrúar.

Krónan hélt sér að mestu milli 141 og 144 krónum á evru í mánuðinum. Krónan byrjaði mánuðinn rétt undir 144 krónum á hverja evru. Krónan styrktist síðan fyrri hluta mánaðarins, fór lægst í 140,8 krónur evran, en gaf síðan lítillaga eftir undir lok mánaðarins.


Velta á gjaldeyrismarkaði var 45,2 ma.kr. (318 m.evra) í mánuðinum og jókst nokkuð milli mánaða. Hlutdeild SÍ í veltu mánaðarins var 9,2 ma.kr. (64 m.evra), eða 20% af heildarveltu.

Seðlabankinn greip fjórum sinnum inn í markaðinn í febrúar. Fyrri hluta mánaðarins greip hann inn í þrisvar og keypti evrur fyrir alls 8 ma.kr. (56 m.evra). Þann 24. febrúar seldi hann síðan evrur fyrir 1,1 ma.kr. (8 m.evra). Nettó kaup SÍ á gjaldeyri í mánuðunum voru 6,8 ma.kr. (48 m.evra).

Næstu mánuði sjáum við ekki fyrir okkur aukið útlæði. Vaxtamunur við evru ætti einnig að styðja við krónuna. Við teljum því líklegra að krónan muni styrkjast frekar en veikjast næstu mánuði.

	28.2.2022	YTD	1M	3M	12M
GVT	188,5	-3,6%	-1,0%	-2,7%	-4,7%
EUR	141,8	-3,9%	-1,0%	-3,5%	-7,3%
USD	126,6	-2,9%	-1,4%	-2,1%	0,4%
GBP	169,7	-3,4%	-1,4%	-1,7%	-3,4%
DKK	19,1	-4,0%	-1,0%	-3,6%	-7,3%
NOK	14,3	-3,5%	-0,4%	-0,3%	-3,0%
SEK	13,4	-7,1%	-2,1%	-6,4%	-11,3%
CHF	137,2	-3,9%	-0,3%	-2,7%	-1,4%
JPY	1,10	-3,2%	-1,4%	-4,4%	-7,6%


Heimild: Macrobond



Heimild: Macrobond




Það sem af er ári hefur krónan styrkst á móti gjaldmiðlum helstu viðskiptalanda okkar.




Heimild: Macrobond

Velta á gjaldeyrismarkaði var 45,2 ma.kr. (318 m.evra) í febrúar. Þar af var hlutur SÍ 9,2 ma.kr. (64 m.evra).




SÍ greip fjórum sinnum inn í markaðinn í febrúar. Þrjá daga keypti hann evrur, einn dag seldi hann evrur.




Heimild: Macrobond

Nettó kaup SÍ á gjaldeyri í febrúar námu 6,8 mö.kr. (48 m.evra).




Heimild: Macrobond

Vergur gjaldeyrisforði var 897 ma.kr. (6,2 ma. evra) í lok janúar.



Heimild: Macrobond


Flökt krónunnar gagnvart evrunni jókst í febrúar.



Heimild: Macrobond




67.700 erlendir gestir fóru um Leifsstöð í janúar.




Heimild: Macrobond

Greiðslukortajöfnuður var neikvæður um 7,7 ma.kr. í janúar.




Heimild: Macrobond

Raugengi miðað við verðlag var 4,4% hærra í janúar 2022 en í sama mánuði árið áður og nafngengið var 4,5% sterkara.




Heimild: Macrobond

Framlag innlendrar verðbólgu til ársbreytingar á raugengi var 3,7% til hækkunar en framlag alþjóðlegrar verðbólgu var 3,8% til lækkunar.



Heimild: Macrobond

Vaxtamunur við evruna jókst í febrúar, sérstaklega á styttri endanum



Heimild: Macrobond



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef